

**Efni:** Svör FSRE við spurningum frá Umhverfis- og samgöngunefnd -tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf

FSRE hefur frá 18. mars 2022 aðstoðað Útlendingastofnun (á árinu 2022) og Vinnumálastofnun (frá seinni hluta ársins 2022 til dagsins í dag) við samhæfingu aðgerða vegna öflunar húsnæðis fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Á þessum tíma hefur mótast aðferðafræði við öflun húsnæðis sem sameinar lágan tilkostnað og ásættanlega ánægju skjólstaðinga Útlendingastofnunar og Vinnumálastofnunar. Í þeim úrræðum sem tekist hefur að afla er rými fyrir um 2.500 einstaklinga. Gangi spá Vinnumálastofnunar eftir um aukningu í umsóknum um alþjóðlega vernd er þörf á verulegri fjölgun húsnæðis fyrir skjólstaðinga Útlendingastofnunar og Vinnumálastofnunar.

Samkeppni um gististaði við ferðamannaiðnaðinn hefur aukist verulega síðasta árið og mjög líklegt er að ekki verði um auðugan garð að gresja í öflun fleiri gistiheimila. FSRE telur nauðsynlegt að eiga valkosti til að grípa til og styrkja þannig innviði verkefnisins án þess að þurfa að standa í samkeppni við markaðsöfl innan ferðamannaiðnaðarins.

Hér að neðan má finna svör við spurningum Umhverfis- og samgöngunefndar sem bárust með tölvupósti 2. júní sl.:

1. Hvaða húsnæði á vegum hins opinbera kemur til greina sem tímabundin búsetuúrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd skv. frumvarpinu?
  - a. Þær breytingar sem felast í umræddu frumvarpi eru ekki hugsaðar almennt fyrir einstakar byggingar sem hið opinbera á. Komi til þess að opinberar byggingar yrðu notaðar undir úrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd er ljóst að það þyrftu að vera byggingar sem hægt væri að breyta með litlum tilkostnaði.
2. Er litið til húsnæðis hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni?
  - a. Einna helst er litið til húsnæðis á suð- vesturhorni landsins sökum þess að það hentar þjónustuveitu Vinnumálastofnunar. Viss hagkvæmni felst í því að dreifa ekki úrræðum á mörg landssvæði. Að auki kemur til greina húsnæði sem eru á stöðum þar sem þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar eru staðsettar. Húsnæðið þarf þó að uppfylla meirihluta þeirra skilyrða sem fram koma í frumvarpinu.
3. Er einungis ætlunin að nota húsnæði sem nú þegar er í opinberri eigu eða stendur til að ríkið taki húsnæði á leigu til þessara nota?
  - a. Þegar hið opinbera aflar húsnæðis er megináhersla lögð á að leigja það á almennum markaði. Það yrði því til hagsbóta fyrir húsnæðisöflun af því tagi sem hér er ræðir ef einkamarkaðurinn gæti einnig beitt þessu úrræði á sama hátt og hið opinbera myndi gera, enda gerir frumvarpið ráð fyrir aðkomu ríkisins við úthlutun leyfa til húsnæðisbreytinga.
4. Ef svo er, hvaða húsnæði kemur til greina að leigja?
  - a. Ekki er búið að kortleggja hvaða húsnæði af einkamarkaði myndu henta til þessara breytinga og afnota. Kallað verður eftir tilboðum frá aðilum bæði í formi markaðskönnunar og/eða opinberu útboði eftir aðstæðum.
  - b. Tegund húsnæðis sem kæmi til greina að leigja er skrifstofuhúsnæði, eldri heilbrigðishúsnæði, eldra skólahúsnæði og annað húsnæði sem teldist hagkvæmt að breyta til að uppfylla þarfir umsækjenda um alþjóðlega vernd.
5. Hver er áætluð tímalína þeirra breytinga sem ráðast þarf í á húsnæðinu svo hægt sé að nota það sem tímabundið búsetuúrræði?



- a. Tími sem fer í breytingar á húsnæði er misjafn eftir tegund og ástandi þess húsnæðis sem um ræðir. Í einhverjum tilvikum getur liðið einn mánuður frá ákvörðun um að breyta húsnæði þar til hægt er að taka það í notkun en í öðrum tilvikum gætu liðið sex mánuðir áður en hægt er að hefja notkun á því.
6. Í 6. kafla greinargerðar með frumvarpinu segir: *Horft er til þess að slíkt húsnæði í eigu ríkisins verði selt þegar notkun þess sem tímabundins búsetuúrræðis fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd lýkur og því verði ekki kostnaður við að breyta húsnæðinu aftur í fyrra horf. Hugsanlegt er að endurheimta megi útlagðan kostnað vegna breytinga við sölu húsnæðisins enda séu þær til þess fallnar að auka virði þess. Óskað er nánari skýringa á þessu.*
- a. Komi til þess að húsnæði í eigu hins opinbera verði notað verður leitast eftir því að finna húsnæði sem þjónar ekki lengur upphaflegum tilgangi og meiri líkur en minni að nýjir eigendur myndu skipuleggja aðra notkun fyrir það. Sem dæmi skrifstofuhúsnæði sem þjónar ekki lengur tilgangi sem slíkt og líkur á að nýr eigandi myndi breyta tilgangi og skipulagi hússins.

Virðingarfyllst,

f.h. FSRE